

Stjórnarfundur Almannaheilla

8. desember 2025 kl. 08:30

Urriðaholtsstræti 14

Mætt: Una Gunnarsdóttir, Tryggvi Axelsson, Jón Aðasteinn Bergsveinsson og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

Fundur settur: 08:33

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var send til stjórnar uppfærð eftir ábendingar 24. nóvember síðastliðinn.

Samþykkt samhljóða.

2. Húsnæði Almannaheilla

Rætt um húsnæðismál Almannaheilla. HTF sagði frá heimsókn stjórnar í Mannréttindahúsið. Þar var aðstaða hússins skoðuð og rætt um verð. Almannaheillum býðst aðstaða á skrifborðum með fleirum ásamt skáp og aðgengi að fundarherbergum, geymslu, upptökuherbergi og kaffiðstöðu. Þá er möguleiki að leigja til viðbótar opið rými til stærri fundarhalda eftir þörfum. Aðgengi í húsinu er til fyrirmyndar. Leiga er 50.000kr á mánuði. Ákveðið að taka við leigu í Mannréttindahúsinu.

Rætt um skil á húsnæði í Urriðaholti. Okkur er heimilt að skilja eftir það sem við viljum. Rætt um að senda póst til aðildarfélaga um að kanna áhuga á húsgögnum, ef það væri áhugi verður haldið opið hús. Annars verður það dót sem ekki verður flutt með í Mannréttindahúsið skilið eftir.

3. Framtíð Almannaheilla – tilgangur, stefna og fjölgun aðildafélaga

Framhald af umræðu síðasta fundar um tilgang, stefnu og samþykktir Almannaheilla og fjölgun aðildarfélaga. TA fór yfir yfirferð sína á samþykktum félagsins með hliðsjón af höfnun skráningar Almannaheilla á Almannheillaskrá hjá Skattinum. Umræður hvort ætti að taka málið lengra t.d. til yfirsattanefndar en engin ákvörðun tekin. Einnig umræður um tilgang, hlutverk og stefnu Almannaheilla almennt.

Ákveðið að taka saman allar hugmyndir að verkefnum sem ræddar hafa verið á síðustu stjórnarfundum fyrir næsta fund og ræða verkefnalista stjórnar á þeim fundi.

4. Önnur mál

- a. Fram kom hugmynd um vettvang fyrir stjórnendur aðildarfélaganna til að tala saman, t.d. Facebook hópur. Hugmyndin væri að stjórnendur gætti talað saman beint með einföldum hætti hvert við annað. Rætt hvaða fólk ætti að vera í slíkum hópi og hvernig honum væri stýrt.
- b. Fram kom hugmynd um að auka upplýsingar á vefsíðu Almannaheilla t.d. um skattamál, almannaheillaskrárnar tvær, styrkumsóknir og fleira ásamt fyrirmyndum að ráðningasamningum sem þegar var ákveðið.
- c. Umræður um Fund fólksins. Ákveðið að ræða frágang fundarins og næstu skref á næsta stjórnarfund. Hugmynd kom um að senda könnun á þau félög sem tóku þátt í básunum og mæla ánægjuna.
- d. JBA sagði frá Sjálfbærliða ársins sem var valinn og heiðraður þann 5. desember. Tómasi Torfasyni fyrrum formanni Almannaheilla og framkvæmdastjóra KFUM þakkað fyrir aðstoðina.

Fundi slitið: 09:29

Fundargerð ritaði: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz